

**126** stúdentar verði að hafa fengið að minsta kosti aðaleinkunnina 4,3 til þess að  
18. des. þeir geti orðið nefndra styrkveitinga aðnjótandi.

Þetta er yður, herra rektor, með skírskotun til brjefs yðar 4. mars þ. á., hjermeð til vitundar gefið.

**127** **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Strandasýslu um flutning þingstaðar.**  
30. des. Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 21. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Hrófbergshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Hrófbergi til Hólmavíkur, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**128**  
5. nóv.

## Reglugerð

fyrir Árnassýslu um grenjaleitir og refaveiðar.

### 1. gr.

Hreppsnefndum er skylt að annast um alt, sem lýtur að eyðingu refa á þeim stöðum, er þær eru skipaðar yfir, hvort heldur er í afrjettum eða heimalöndum. En hreppsnefndir í þeim hreppum, sem næst eru afrjetti, skulu aðstoða hinar, er fjær búa, og segja til ef umbóta þarf með. Þær geta og bannað alla smölun og rekstra í afrjett á þeim tíma, er það kann að geta spilt fyrir refaveiðum.

### 2. gr.

Hreppsnefndum ber í tækan tíma ár hvert, að hafa ráðið svo marga skotmenn, sem þörf er á. Engin skytta má án gildra ástæðna skorast undan, að takast á hendur að vinna gren innan hrepps. Skylt er skotmanni, eða þeim sem með honum er, að kunna að fara með dýraboga, og er hverjum hreppi skylt að leggja hann til.

### 3. gr.

Skylt er hverjum búanda að leggja mann til grenjaleitar, þá er þörf krefur, gegn þóknun úr hreppssjóði eða fjallskilasjóði. Skotmaður skal ætíð vera með leitarmönnum, og skal þegar leggjast við annan mann við fundið gren.